

**Nd.** **1002. Nefndarálit** [213. mál]  
um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 31/1970, um dýralækna, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt þetta frumvarp.

Fram hefur komið, að skiptar skoðanir eru um hvernig skipta beri þessum umdæmum.

Landbúnaðarráðherra kom á fund nefndarinnar og skýrði frá því, að hann hefði ákveðið að skipa nefnd til að endurskoða löggin um dýralækna og um alla dýralækna umdæmaskiptinguna í landinu. Stefnt verði að því að þessi endurskoðun liggi fyrir þegar þing kemur saman í haust. Meiri hluti landbúnaðarnefndar telur eðlilegt að beðið verði eftir umræddri endurskoðun með allar breytingar á þessum lögum, en leggur hins vegar áherslu á að henni verði hraðað svo að ný löggjöf geti tekið gildi um næstu áramót.

Af þeim ástæðum, sem að framan greinir, leggur meiri hluti landbúnaðarnefndar til að málinu verði vísað til hæstvirkar ríkisstjórnar.

Alþingi, 20. maí 1981.

Stefán Valgeirsson,  
form., frsm.

Skúli Alexandersson.

Þórarinn Sigurjónsson.

Eggert Haukdal.